

**Ed. 638. Frumvarp til laga [350. mál]**

um breytingu á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsg. svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi, sem framleitt er frá ársbyrjun 1986, enda flytji framleiðandi (útflytjandi) það út undir íslensku vörumerki. Ákvörðun er bundin við niðurfellingu gjaldsins eitt ár í senn.

2. gr.

Töluliðir 5 og 6 í 4. gr. breytast þannig og við bætist nýr töluliður er verði 7. töluliður:

5. Landssamband ísl. útvegsmanna .....	0,585%
6. Sjómannasamband Íslands .....	0,585%
7. Landssamband smábátaeigenda .....	0,030%

3. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Eigi skal innheimta útflutningsgjald af skreið þeirri sem flutt er út eftir 1. janúar 1986, en framleidd hefur verið fyrir 31. desember 1984.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld út gildi l. nr. 19 24. apríl 1984, um breytingu á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjávarútvegsráðherra skipaði 9. janúar 1985 nefnd með aðild allra hagsmunaaðila í sjávarútvegi og Alþingis til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Veigamikill þáttur í starfi nefndarinnar er að athuga lög nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Óljóst er hvenær starfi nefndarinnar lýkur, þó svo það sé komið vel á veg, enda er um mjög yfirgripsmikið verkefni að ræða. Í frumvarpi þessu eru lagðar til þrjár lítils háttar breytingar á lögnum sem nauðsynlegt þykir að gera og þykja eiga fullan rétt á sér, meðan lögin eru í gildi að öðru leyti. Auk þess þola þessar breytingar enga bið, ef á annað borð verður á þær fallist.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19 24. maí 1984, um breyting á lögum nr. 52/1983, var sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi, sem flutt er út undir eigin vörumerki útflytjanda, á árunum 1984 og 1985. Heimildin var notuð.

Sjávarútvegsnefnd Nd. flutti þetta mál á sínum tíma að beiðni sjávarútvegsráðuneytisins. Bréf ráðuneytisins, dags. 2. mars 1984, til deildarinnar fylgir hér með sem fylgiskjal. Vísu má til þess að mestu til skýringar á flutningi málsins nú.

Lýsi h.f. hefur haldið áfram markaðskönnun á Taiwan og stefnir að auknum viðskiptum við aðila þar. Aðalvandamálið eru há farmgjöld vegna hinnar miklu fjarlægðar.

Hin síðari ár hafa ekki komið upp stórfelld vandamál við útflutning á fódurlýsi og stafar það af samdrætti í framleiðslu vegna minnkandi framboðs á lifur undanfarin ár. Árið 1981 var framboðið 4540 tonn, 1982 4700 tonn, 1983 3170 tonn, 1984 2315 tonn og 1985 1910 tonn. Útflutningur Lýsis h.f. s.l. 3 ár til Taiwan hefur verið: 1983 167 tonn, 1984 68 tonn og 1985 76 tonn. Útflutningur til hefðbundinna markaða var 1983 149 tonn, 1984 195 tonn og 1985 137 tonn.

Aukist framboð á lifur á ný er ljóst að flytja verður meira fódurlýsi til Taiwan og e. t. v. fleiri Austurlanda, eftir því sem föng eru á.

Til fróðleiks má geta þess að öll lifrin, sem fæst á tímabilinu september og fram í febrúar, er svo rýr að gæðum, að hana verður að vinna í fódurlýsi. Ekki hefur fundist önnur betri leið til að vinna hana. Þess vegna er m.a. ljóst að leggja ber áherslu á markaðsöflun fyrir fódurlýsi því að ef markaðurinn bregst verður að henda lifrinni á þeim tíma sem hún er svo rýr að gæðum að hún verður aðeins notuð til að vinna úr henni fódurlýsi.

Vegna framanritaðs er hér lagt til að heimild til að fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi, sem flutt er út undir eigin vörumerki útflytjanda, verði framlengd frá ársbyrjun 1986 ótímabundið. Sækja þarf árlega um niðurfellingu og gefst sjávarútvegsráðuneytinu þá tækifæri til að kanna hverju sinni, hvort forsendur eru fyrir niðurfellingu.

#### Um 2. gr.

Þann 5. desember 1985 var stofnað Landssamband smábátaeigenda. Í sambandinu eru þegar eigendur u.þ.b. 1000 báta og fer fjölgandi.

Landssamband smábátaeigenda hefur farið fram á að fá sams konar tekjustofn og Samband grásleppuhrognafraamleiðenda. Er eðlilegt að verða við þeim tilmælum. Í því sambandi beinast sjónir manna að lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ekki er talið að fært sé að fara þá leið að hækka hið almenna útflutningsgjald til að skapa tekjustofn fyrir Landssamband smábátaeigenda. Í 4. gr. laganna er að finna ákvæði um að tiltekinn hluti af útflutningsgjaldatekjum skuli renna til Landssambands

ísl. útvegsmanna og samtaka sjómanna, 0,6% til hvors aðila. Þar sem smábátæigendur hafa nú stofnsett sérstakt samband liggur beint við að þeir fái sambærilegan hluta af útflutningsgjaldatekjum og hlutur þeirra er í heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Er það lagt til í 2. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins hefðu tekjur samtakanna á s.l. ári numið 390 þús.kr.

#### Um 3. gr.

Á seinasta ári var ákveðið að ríkissjóður tæki að sér að greiða vexti af 250 millj. kr. afurðalán vegna skreiðarbirgða í árslok 1984 til að létta fjármagnsbyrgði skreiðarframleiðenda.

Í því skyni að létta vanda skreiðarframleiðenda enn frekar m.a. vegna söluverfiðleika voru samþykktar á ríkisstjórnarfundi 18. febrúar 1986 eftirfarandi aðgerðir:

1. Eigi yrði innheimtur gengismunur af skreið, sem framleidd hefði verið fyrir 1. júní 1983, en hefði ekki verið flutt út fyrir árslok 1985.
2. Fellt yrði niður útflutningsgjald af skreið þeirri sem til væri í landinu 1. janúar 1986 en framleidd hefði verið fyrir árslok 1984.

Seinni liður þessarar samþykktar krefst breytinga á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Samkvæmt gildandi lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, frá 28. apríl 1983, greiðist 5,5% útflutningsgjald af allflestum sjávarafurðum. Útflutningsgjald var síðan lækkað niður í 4% með lögum nr. 19 24. apríl 1984 af skreið sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi. Var þessi lækkun útflutningsgjalds gerð til þess að létta vanda skreiðarframleiðenda, en hann hefur orðið mun meiri og langvinnari en gert var ráð fyrir, og er því hér lagt til að útflutningsgjald af þessari skreið verði alveg fellt niður.

Skuldir skreiðarframleiðenda vegna birgða, sbr. 2. tl., eru nú áætlaðar vera u.þ.b. 1100 milljónir kr. Hins vegar er mjög erfitt að geta til um söluverðmæti skreiðarinnar, þar sem ekkert markaðsverð er í raun til á skreið. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja nákvæmlega til um áhrif ofangreindra aðgerða. Lauslega áætlað mun eftirgjöf gengismunar, sbr. 1. tl., nema um 90—120 millj. kr. og niðurfelling á útflutningsgjaldi, sbr. 2. tl., um 70—80 millj. kr. Má því ætla að þessar ráðstafanir hafi í för með sér u.þ.b. 160—200 millj. kr. til hagsbóta fyrir skreiðarframleiðendur.

#### Fylgiskjal.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,  
b.t. Stefáns Guðmundssonar form.,  
Alþingi,  
101 Reykjavík.

2. mars 1984.

Útflutningur lifrarlýsis, þ.e. meðalalýsis og fódurlýsis, hefur átt í vök að verjast vegna samkeppni við tilbúin vítamín. Eftirspurn eftir fódurlýsi hefur minnkað á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum og sumpart má rekja hana til íhaldssemi notenda, sem vilja heldur gefa skepnum náttúruleg vítamín en tilbúin vítamín, þótt það kosti meiri vinnu.

Vegna þessa hefur Lýsi h.f. hafið markaðskönnun á Taiwan (Formósu), en þar er stunduð álarækt í vaxandi mæli og nam framleiðslan á s.l. ári um 28 þús. tonn. Við eldi á þessu magni af álum eru notuð um 56 þús. tonn af fódri og eru 5% af því, eða um 2800 tonn, fódurlýsi.

Japanir hafa séð Taiwan-mönnum fyrir þessu fódurlýsi, enda kaupa þeir mestallar álaafurðirnar. Lýsi þeirra hefur verið misjafnt að gæðum.

Á seinasta ári gerðu forstjóri og efnafræðingur Lýsis h.f. sér ferð til Taiwan. Í kjölfar hennar var send tilraunasending, 167 tonn af fódurlýsi, þangað og var verðið \$ 489. – fyrir tonn f.o.b. eða svipað og á vestrænum mörkuðum. Í framhaldi af þessu hófst samvinna milli kaupanda og Lýsis h.f. um vöru- og gæðapróun, sem stefndi að því, að lýsið hentaði sem best við álarækt. Tilraunir hafa leitt í ljós, að íslenska lýsið hefur reynst jafnbetra en japanska lýsið. Verður haldið áfram á þessari braut og stefnir Lýsi h.f., að því að ná helmingnum af fódurlýsismarkaðnum á Taiwan, ef fært reynist vegna kostnaðar. Stefnt er að því að flytja út 300–400 tonn af fódurlýsi til Taiwan á þessu ári.

Útflutningur á lifrarlýsi á s.l. ári nam 3114 tonnum; þar af var fódurlýsi 1556 tonn. Íslenski togaraflotinn hirðir ekki lifur úr afla sínum. Sama máli gegnir um bátaaflo, sem slægður er um borð í bátum (útilega). Ef togaraflotinn hirti lifrina gæti lýsismagnnið numið allt að 3000 tonnum, en úr því yrðu framleidd um 1500 tonn af lýsi, eingöngu fódurlýsi við núverandi aðstæður. Við þetta lifrarmagn gæti talsvert bæst frá bátaflotanum.

Helstu vonir um nýja markaði virðast vera bundnar við A- og SA-Asíu. Áður er skýrt frá framleiðslu áls á Taiwan, sem að er stefnt að stórauka, og Japanir framleiða mikið magn. Kóreumenn eru með framleiðslu í undirbúningi. Talið er mjög líklegt að Kínverjar hefjist handa um álarækt og einnig Malaysíumenn og e. t. v. fleiri þjóðir í A- og SA-Asíu. Virðist því vera til mikils að vinna við að komast nú inn á markaðinn á Taiwan og e.t.v. víðar í framhaldi af því.

Kostnaður við markaðsöflun á Taiwan og í framhaldi af því víðar í Asíu er afar mikill bæði í auglýsingum og vinnslutilraunum til að aðlaga vöruna markaðnum. Yrði mjög umfangsmikið að gera grein fyrir því hér, en full ástæða virðist vera til að ýta undir hana með öllum tiltækum ráðum öðrum en beinum ríkisframlögum. Helsta úrræðið virðist vera að fella niður um sinn, t.d. til ársloka 1985, meðan markaðstilraunir standa, útflutningsgjald af fódurlýsi og þá án tillits til þess á hvaða markaði það fer. Sú niðurfelling ætti að öðru jöfnu að skila sér í herra lifrarverði. Þetta yrði mjög knýjandi, ef lifur yrði hirt um borð í veiðiskipum og fódurlýsisframleiðsla ykist verulega, og einnig má benda á þá nýjung, sem nú er á döfinni, að vinna meltu úr slógi og lifur um borð í skipunum, en nú er unnið að tilraunum til að vinna síðan lýsið (fódurlýsi) úr meltunni.

Hæstvirt nefnd hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Með vísan til framanritaðs er þess óskað að hæstvirt nefnd flytji tillögu til viðauka við 1. gr. frumvarpsins þessa efnis:

„Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fódurlýsi, sem framleitt er á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki“.

Rök fyrir niðurlagi þessa tölulíðar eru þau, að takist vel til, yrði það góð auglýsing fyrir íslenska gæðavöru. Kæmi þetta í staðinn fyrir að hafa þann hátt á að lýsið er flutt út sem hráefni, en síðan unnið erlendis og selt undir erlendum vörumerkjum.

Ýmsar frekari upplýsingar um mál þetta eru fyrir hendi og tiltækar í ráðuneytinu.

F. h. r.

**Ingimar Einarsson.**